

EFTIRLITSSKÝRSLA

ArcticLAS ehf. (rottur) Krókháls 5d



Dags eftirlits	15.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	ArcticLAS ehf. (rottur)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Krókháls 5d	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5503881389	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Bergþóra Eiríksdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi ArcticLas fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Skráning úrgangs (gr. 2.1)
- Meðhöndlun úrgangs og spilliefna (gr. 2.2)
- Afmörkunarráðstafanir (gr. 2.3)
- Þjálfun starfsfólks (gr. 3.1)
- Vinnudagbók (gr. 3.2)

Rekstraraðila er heimil starfsemi sem felur í sér innflutning og ræktun á allt að 60 erfðabreyttum rottum á ári sem og heimild til innflutnings og geymslu á fósturvísunum úr erfðabreyttum rottustofnum.

Farið var í skoðunarferð um húsnæði rekstraraðila og samhliða farið yfir þau atriði sem voru á dagskrá eftirlitsins. Góðir verkferlar eru viðhafðir við alla meðhöndlun úrgangs og aðgangur að húsnæðinu er takmarkaður. Vel er haldið utan um alla þjálfun og eru vinnudagbækur bæði rafrænar og handskrifaðar. Rætt var um að rekstraraðili tæki saman í eitt skjal upplýsingar um þá stofna sem unnið er með. Húsnæðið var allt mjög snyrtilegt, haldið vel utan um starfsemina og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.12.2021

Sigríður Magnúsdóttir